

Hagsmunagæsla Íslands gagnvart ESB

Forgangsmál 2018

Í samræmi við Evrópustefnu ríkisstjórnarinnar skipaði forsætisráðherra stýrihóp um framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins) 2. júlí 2014. Tilgangurinn var að auka skilvirkni í þátttöku Íslands í EES-samstarfinu og meta hvernig hagsmunagæslu af Íslands hálfu yrði best háttað. Meðal tillagna stýrihópsins að úrbótum, sem settar voru fram í skýrslu hópsins frá 2015, var að ríkisstjórnin samþykkti árlega, að höfðu samráði við utanríkismálanefnd Alþingis og hagsmunaaðila, lista yfir þau mál í lagasetningarferli hjá Evrópusambandinu (ESB) sem metin væru sem forgangsmál út frá hagsmunum Íslands. Sérstaklega yrði fylgst með þessum málum, sjónarmiðum íslenskra stjórnvalda komið á framfæri og reynt að hafa áhrif eftir megni og tilefni, formlega sem óformlega. Ríkisstjórn Íslands samþykkti fyrsta listann fyrir 2016–2017 20. september 2016.

Eftirfarandi listi forgangsmála fyrir árið 2018 hefur verið settur saman í samráði við fagráðuneytin. Hverju máli fylgir rökstuðningur fyrir því að mál sé í forgangi, tilgreint er hvar málið er stadd hjá ESB og lagðar eru til aðgerðir til að hafa áhrif. Annars vegar er um að ræða mál þar sem enn er unnið að stefnumótun og þau því enn á undirbúnings- eða forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB. Hins vegar geta mál verið komin á vinnslustig en þá hefur framkvæmdastjórnin þegar lagt fram tillögu að lagasetningu til ráðsins og Evrópuþingsins. Við gerð listans var m.a. lögð til grundvallar verkáætlun framkvæmdastjórnar ESB fyrir árin 2017 og 2018, sem og áætlanir sem EFTA-ríkin innan EES gera sameiginlega um EES-samstarfið. Tekið skal fram að málunum er ekki raðað eftir mikilvægi. Við forgangsröðunina hefur verið tekið mið af því að hægt verði að sinna hagsmunagæslu með þeim fjárveitingum og þeim mannafla sem til staðar er í stjórnsýslunni. Þessi forgangsröðun varðar upphaf EES-vinnu stjórnvalda á hverju sviði og gengið er út frá því að áfram verði hugað að þeim hagsmunum sem í húfi eru ef þörf krefur við upptöku viðkomandi gerða í EES-samninginn, t.d. með því að fara fram á aðlaganir.

Forgangslistinn verður endurskoðaður í lok árs 2018 og verður þá framgangur mála metinn.

Efnisyfirlit

Matvælaöryggi	3
Orkumál	5
Loftslagsmál	6
Umhverfis- og úrgangsmál	8
Samgöngumál	8
Innri markaður	10
Samkeppnisréttur	10
Stafrænn innri markaður	11
Fjármálastarfsemi	13
Rannsóknir og nýsköpun, menntun og menning	16
Betri reglur	17
Lyfjamál	18
Vinumarkaðurinn	19
Almannatryggingar	22
Jafnréttismál	23

Matvælaöryggi

- **Reglugerð um áburð**

Rökstuðningur

Ný tillaga um áburð sem var lögð til af framkvæmdastjórn ESB á síðasta ári mun leysa af hólmi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 um áburð. Gildissvið gerðarinnar er víkkað út þannig að lífræn efni falla undir reglugerðina en ekki einungis ólífræn efni eins og eldri reglugerðin gerir ráð fyrir. Tryggja þarf að Ísland geti takmarkað innflutning á ákveðnum lífrænum efnum en núverandi drög eiga að tryggja þann möguleika. Talið er að ákveðnir smitberar geti borist með áburðinum sem ekki hafa áhrif á lífríki á meginlandi Evrópu en geta haft mjög skaðleg áhrif á vistkerfið á Íslandi vegna landfræðilegrar stöðu og einangrunar landsins hvað þessa þætti varðar.

Hvar er málið statt?

Nefnd um innri markaðinn og neytendamál (IMCO) leiðir málið í Evrópuþinginu. Nefndir sem fjalla um umhverfismál og landbúnaðarmál (ENVI og AGRI) hjá þinginu eru formlega tilnefndar sem samstarfsnefndir (associated committees). Evrópuþingið greiddi atkvæði um breytingartillögur 24. október sl. og vinnuhópur um tæknilega samhæfingu fer með málið í ráðinu. Þríhliða viðuræður hófust 25. janúar 2018.

Aðgerðir

EFTA-ríkin innan EES sendu álit um tillöguna til ESB í mars 2017 þar sem þau gerðu grein fyrir ákveðnum þáttum. Til viðbótar við sameiginlegt álit EFTA-ríkjanna innan EES hefur verið unnið að því að vekja athygli á sérstöðu Íslands í þessum efnum og áhrifum þess að lífrænn áburður sé í frjálsum flæði. Fundað hefur verið með framkvæmdastjórninni, aðildarlöndum ESB og Evrópuþinginu til að koma sérstöðu Íslands á framfæri. Þá verður áhættumat vegna áhrifa lífræns áburðar á íslenskt vistkerfi bráðum tilbúið til dreifingar og verður það notað í áframhaldandi vinnu við að koma málstað Íslands á framfæri.

- **Áætlun ESB um þol gegn sýklalyfjum**

Rökstuðningur

Ný áætlun framkvæmdastjórnar ESB um þol gegn sýklalyfjum var kynnt í júní 2017. Fylgjast þarf með því hvort áætlunin muni leiða til EES-tækra gerða á þessu sviði. Vandamálið eru bakteríur í dýrum og mönnum sem eru orðnar ónæmar fyrir sýklalyfjum. Þessi vinna getur orðið grundvöllur að reglugerðarsetningu á sviði ESB sem ná myndi til Íslands í gegnum EES-samninginn.

Hvar er málið statt?

Starfshópur á vegum heilbrigðisráðherra um varnir gegn sýklalyfjaónæmi hefur skilað skýrslu um aðgerðir til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi. Unnið er að þessu málefni á fjölmörgum sviðum utan ESB, t.d. á vettvangi Norðurlandaráðs, þar sem Noregur, í formennskutíð sinni, hélt málstofu um efnið í Brussel í júní 2017.

Aðgerðir

Þar sem verið er ræða þetta mál hjá fjölmörgum alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að er einnig mikilvægt að fylgjast vel með umræðunni innan ESB, sérstaklega í samvinnu við hin Norðurlöndin, til þess að Ísland sé búið undir mögulegar EES-tækar gerðir sem kunna að birtast í framhaldi af nýrri áætlanagerð framkvæmdastjórnarinnar. Samvinna, sérstaklega við Noreg og önnur Norðurlönd, til að miðla reynslu og þekkingu á þessu sviði er lykilatriði í þessu sambandi, hvort sem um verður að ræða óformlega fundi eða málþing svo eitthvað sé nefnt.

- **Tillaga um neysluvatn**

Rökstuðningur

Reglur um gæði neysluvatns er að finna í neysluvatnstilskipun ESB 98/83/EBE sem hefur verið innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Tilgangurinn með neysluvatnstilskipun er að vernda heilsu fólks með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint. Eftirlit með neysluvatni er í höndum heilbrigðisnefnda en samræming eftirlits er í höndum Matvælastofnunar, sem veitir jafnframt leiðbeiningar og umsagnir. Ef vatnsveitur þjóna færri en 50 manns eða 20 heimilum/sumarbústöðum þá hafa heilbrigðisnefndir ekki reglubundið eftirlit með þeim, nema veiturnar þjóni matvælafyrirtækjum. Nýjar reglur á þessu sviði geta haft mikil áhrif á starfsemi sveitarfélaga. Samband íslenskra sveitarfélaga er jafnframt aðili að sérfræðingateymi um vatnastefnu ESB á vettvangi Evrópusamtaka sveitarfélaga.

Hvar er málið statt?

Ráðist var í endurskoðun neysluvatnstilskipunarinnar í kjölfar REFIT-skoðunar og þess að nær tvær milljónir manna studdu borgaraákallið Right2Water þar sem skorað var á framkvæmdastjórnina að tryggja öllum ESB-borgurum heilnæmt neysluvatn. Einnig miðar endurskoðunin að því að styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Drög að endurskoðaðri tilskipun voru birt í febrúar. Nýjum efnum hefur verið bætt á lista yfir efni sem hafa áhrif á vatnsgæði, ríkjum verður gert skylt að tryggja aðgang allra að drykkjarvatni, einkum jaðarsettra hópa. Í þessu felst m.a. að setja upp vatnsbrunna í almannarýmum. Aukinni upplýsingagjöf um gæði kranavatns er síðan ætlað minnka neyslu á vatni í flöskum en framkvæmdastjórn ESB telur að með breyttum neysluvenjum náist um 600 milljóna evra sparnaður ár hvert en jafnframt minnki plastúrgangur umtalsvert. Viðaukum við tilskipunina hefur þegar verið breytt til að einfalda eftirlit með neysluvatni og gera það sveigjanlegra, svo lengi sem fyrir hendi er áhættumat sem tryggir að eftirlit sé í samræmi við leiðbeiningar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar um gæði neysluvatns.

Aðgerðir

Gæta þarf þess að vatnsveitur hafi svigrúm og að tekið sé mið af aðstæðum í hverju landi. Þannig þarf að gæta þess að litlar vatnsveitur séu ekki settar undir sama hatt og þær stóru þegar kemur að skrifræði. Nauðsynlegt er að fylgjast með framvindu mála og tryggja að breytingum fylgi ekki óþarfa stjórnsýslubyrðar og að nálægðarreglan og hagsmunir sveitarfélaga séu í heiðri höfð.

Orkumál

- **Löggjafarvinna ESB í tengslum við orkusamband (Energy Union) og orku- og loftslagsstefnu til 2030**

Rökstuðningur

Stefnumótun ESB um orkusambandið (Energy Union) felur í sér grundvallar-endurskoðun löggjafar á sviði orkumála. Eitt af meginatriðum orkusambandsins er aukið orkuöryggi og því fylgir aukin áhersla á sjálfstæða orkuframleiðslu ríkjanna og bættu innviði eða tengingar milli ríkja innan ESB. Í nóvember 2016 lagði framkvæmdastjórn ESB fram nýjar tillögur að löggjöf um orkumál undir yfirskriftinni „Hrein orka fyrir alla Evrópubúa“. Er þar m.a. að finna tillögur að nýrri löggjöf um orkunýtni, endurnýjanlega orku, raforkumarkaðinn og eftirlits- og stjórnunarkerfi sem eru sniðnar að orku- og loftslagsstefnu ESB til 2030 og markmiðum um orkusamband Evrópu. Í þessum tillögum eru m.a. lagðar til breytingar á tilskipunum um orkunýtni og orkunotkun bygginga (sjá nánari umfjöllum um þessar tillögur). Aðrar tillögur varða breytingu á fyrirkomulagi fyrir hitaveitur, þ.e.a.s. opnara aðgengi framleiðenda hitaorku að dreifikerfum hitaveitna, auknar kröfur á söluaðila eldsneytis um að auka hlutfall endurnýtanlegs eldsneytis, eftirlits- og stjórnkerfi til að halda utan um og samræma orku- og loftslagsáætlanir ríkjanna, upprunaábyrgð sem er nú komin í raforku, hita og eldsneyti, áætlun ESB um hitun og kælingu og jarðhitamálefni.

Ísland hefur sérstöðu varðandi nýtingu jarðhita til orkuframleiðslu og kyndingar húsa. Þessari þekkingu hefur verið haldið á lofti gagnvart Evrópusambandinu og skapað þannig íslenskum fyrirtækjum tækifæri í Evrópu.

Hvar er málið statt?

Löggjafarpakkinn er sérstaklega nefndur í yfirlýsingu framkvæmdastjórnar ESB, ráðsins og Evrópuþingsins um forgangsmál 2017 og 2018–2019. Almenn samkomulag um orkunýtni bygginga náðist innan ráðsins í júní 2017 og þríhliða viðræðum lauk í lok árs 2017. Almenn samkomulag hefur einnig náðst varðandi hinar tillögurnar og hófust þríhliða viðræður í febrúar 2018.

Aðgerðir

Nauðsynlegt er að fylgjast grannt með heildarþróun þessara tillagna og hvernig hún fellur að hagsmunum Íslands. Þá nýtist aukin þátttaka í vinnu á mótunarstigi bæði við að koma á framfæri sjónarmiðum Íslands og auðvelda innleiðingu síðar. Á síðasta ári voru til að mynda haldnir fjölmargir fundir með framkvæmdastjórn ESB á öllum stigum allt frá sérfræðingafundum til funda með yfirmanni stjórnarsviðs orkumála hjá framkvæmdastjórninni til þess að koma afstöðu Íslands á framfæri. Áhersla verður lögð á að halda slíkum fundahöldum áfram til að koma sjónarmiðum Íslands á framfæri. Fulltrúar Íslands þurfa einnig að mæta á fundi undirnefnda á vegum framkvæmdastjórnar ESB, sem tengjast framangreindu, og koma á framfæri afstöðu sinni í opnu umsagnarferli eða á fundum til endurskoðunar gerða þar sem það á við.

Fyrirtæki og stofnanir á Íslandi búa yfir mikilvægri sérþekkingu um jarðhitánýtingu sem halda þarf á lofti gagnvart Evrópusambandinu. Slíkur vettvangur er til að mynda eftirfylgni af Geothermal Roundtable sem fór fram í Brussel árið 2014.

- **Undanþágur frá tilskipunum um orkunýtni og orkunýtni bygginga**

Rökstuðningur

Ísland hefur fengið undanþágur frá tilskipunum um orkunýtni (Energy Efficiency) og orkunýtni bygginga (Energy Performance of Buildings) og stefnir að því að svo verði áfram. Ísland hefur undanþágu frá eldri tilskipun um orkunýtni bygginga og hefur farið fram á undanþágu frá þeirri frá 2010. Einnig hefur Ísland farið fram á undanþágu frá tilskipun um orkunýtni frá 2012. Ísland hefur þó innleitt tilskipanir sem varða raftæki, þ.e. tilskipanir um vishönnun og orkumerkingar, sem leitt hafa til töluverðs orkusparnaðar. Sérstaða Íslands er fólgin í hárrí hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa.

Hvar eru þessi mál stödd?

Báðar tilskipanir um orkunýtni frá 2012 og orkunýtni bygginga frá 2010 eru til skoðunar í EFTA-vinnuhópi um orkumál. Einnig eru nýjar tillögur að breytingu á tilskipunum um orkunýtni bygginga (Energy Performance of Buildings II) og orkunýtni, sem framkvæmdastjórn ESB lagði fram 30. nóvember 2016, nú til skoðunar hjá þeim vinnuhópi. Almenn samkomulag um orkunýtni bygginga náðist innan ráðsins í júní 2017 og þríhliða viðræðum lauk í lok árs 2017.

Aðgerðir

Ísland hefur komið því á framfæri við framkvæmdastjórn ESB að áfram verði krafist undanþágu frá tilskipunum um orkunýtni frá 2012 og orkunýtni bygginga frá 2010. Fundir með framkvæmdastjórn hafa verið haldnir á árunum 2016, 2017 og á þessu ári á öllum stigum þar sem sterkum rökum fyrir undanþágum var komið á framfæri, m.a. með yfirmanni stjórnarsviðs orkumála hjá framkvæmdastjórninni. Frekari gögn hafa verið lögð fyrir framkvæmdastjórnina til að rökstyðja nauðsyn Íslands á undanþágum. Einnig hefur framkvæmdastjórn ESB verið boðið til Íslands til að kynna sér málið og aðstæður.

Loftslagsmál

- **Endurskoðun löggjafar ESB á sviði loftslagsmála, m.a. með tilliti til Parísarsamningsins**

Rökstuðningur

Ísland tekur á sig sameiginlegar skuldbindingar með ESB á öðru tímabili Kýótóbókunarinnar (2013–2020) og stefnt er að því af hálfu Íslands og ESB að svipað fyrirkomulag verði við lýði innan ramma Parísarsamningsins eftir 2020. Þetta fyrirkomulag er talið hagfellt fyrir Ísland þar sem hluti af skuldbindingum Íslands er nú þegar inni í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS) Íslands í gegnum skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum og erfitt er fyrir Ísland að búa við tvöfalt kerfi skuldbindinga. Allar helstu gerðir ESB í loftslagsmálum eru nú í endurskoðun, m.a. til að taka mið af ákvæðum Parísarsamningsins. Íslensk

stjórnvöld þurfa að halda áfram að fylgjast grannt með þessari vinnu og koma sjónarmiðum sínum að við ESB. Nauðsynlegt er m.a. að meta getu Íslands til að draga úr losun og auka kolefnisbindingu út frá sömu aðferðum og viðmiðum og notuð eru í ESB-ríkjum. Reynslan hefur einnig sýnt að vakta þarf vel tæknilega vinnu við ákvörðun á reglum og viðmiðum fyrir einstakar greinar og aðgerðir. Þannig hefur m.a. þurft að gæta að viðmiðum um losun í járnblendiframleiðslu. Reglur ESB um niðurdælingu koldíoxíðs í jarðlög taka alls ekki mið af íslenskum aðstæðum, en þar var fundin lausn sem tryggir að tímamótaverkefni um niðurdælingu koldíoxíðs í basalt á Hellisheiði er í samræmi við evrópskt regluverk. Loftslagsmál varða ekki bara verksvið umhverfis- og auðlindaráðuneytisins heldur einnig flestar atvinnugreinar, auk samgangna, landnotkunar og annarrar starfsemi. Þau eru fyrirferðarmikil í alþjóðlegri umræðu á æðstu stigum og sá þáttur umhverfismála sem hefur fengið mest vægi á alþjóðavísu á undanförunum árum. Ísland hefur að mörgu leyti mikla sérstöðu í loftslagsmálum, bæði á heimsvísu og í samanburði við ríki ESB. Það eru því miklir og margbrotnir hagsmunir í húfi og þarf að sinna loftslagsmálum vel á næstu misserum.

Hvar er málið stadd?

Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram tillögu um endurskoðun á ETS sem nú hefur verið tekin ákvörðun um hjá aðildarríkjunum og Evrópuþinginu og mun koma fyrir sameiginlegu EES-nefndina, þar sem ETS er hluti af EES-samningnum. Framkvæmdastjórnin sendi frá sér tillögur um skiptingu byrða (Effort Sharing – ákvörðun á hlut ríkja í losun sem eru utan ETS) og um kolefnisbindingu og landnotkun (LULUCF) sumarið 2016. Síðarnefndu reglurnar varða Ísland miklu þar sem miklir möguleikar eru hér á landi á kolefnisbindingu með skógrækt og landgræðslu.

Varðandi endurskoðunina á ETS þá náðist samkomulag í þríhliða viðræðunum 8. nóvember 2017 og formleg ákvörðun ESB um gerðina var tekin í byrjun þessa árs. Þríhliða viðræðum er nú lokið varðandi tillögur um skiptingu byrða og um kolefnisbindingu og landnotkun og formleg ákvörðun ESB er væntanleg á næstu mánuðum.

Aðgerðir

Formlegar viðræður Íslands og Noregs um þátttöku í sameiginlegu markmiði 30 Evrópuríkja innan ramma Parísarsamningsins hefjast væntanlega fyrri hluta árs 2018, en nú er verið að greina markmið Íslands út frá tillögum framkvæmdastjórnar ESB að nýjum loftslagsreglum eftir 2020 og meta hvort óska þarf eftir sérstökum lausnum fyrir Ísland, svo sem á sviði landnotkunar og kolefnisbindingar í gróðri og jarðvegi, þar sem aðstæður á Íslandi eru öðruvísi en í flestum öðrum Evrópuríkjum.

Umhverfis- og úrgangsmál

• Hringrásarhagkerfið

Rökstuðningur

Hringrásarhagkerfið (Circular Economy Package) er stefna Evrópusambandsins um bætta nýtingu auðlinda og aukna verðmæta- og atvinnusköpun þar sem sex lykiltilskipunum ESB um meðhöndlun úrgangs verður breytt. Þær mikilvægustu eru rammatilskipun um meðhöndlun úrgangs 98/2008/EB og tilskipun 31/1999/EB um urðun úrgangs. Aðrar tillögur lúta að breytingum á tilskipunum um umbúðir og umbúðaúrgang, raf- og rafeindatæki, úr sér gengin ökutæki og rafhlöður. Innleiðing hringrásarhagkerfisins gerbreytir meðhöndlun úrgangs á næstu 10–15 árum og kallar á verulegar fjárfestingar. Innleiðing hringrásarhagkerfisins er enn fremur liður í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Mörg aðildarríki ESB eru nálægt því að uppfylla markmið hringrásarhagkerfisins en önnur, þ.e. þau sem urða enn þá mestan hluta úrgangs, þurfa að grípa til róttækra aðgerða á næstu árum. Endurvinnsla og endurnýting úrgangs verður aukin á öllum sviðum, en aðildarríkjum er gefið ákveðið svigrúm til að finna bestu lausnina. Úrgangslöggjöf Evrópusambandsins er hluti af EES-samningnum og því ber Íslandi að innleiða tilskipanir ESB á þessu sviði. Meðhöndlun úrgangs er flókið og kostnaðarsamt verkefni og mörg sveitarfélög leita nú hagkvæmra leiða til að auka endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs.

Við endurskoðun regluverksins um úrgangsmál var sérstaklega fjallað um meðhöndlun plastúrgangs í hringrásarhagkerfinu. Framkvæmdastjórn ESB birti í janúar 2018 stefnu um plast í hringrásarhagkerfinu. Helstu áskoranir eru lágt endurvinnslu- og endurnýtingarhlutfall plasts, mikil losun gróðurhúsalofttegunda við plastframleiðslu og -brennslu og plasmengun (einnig örplast) í hafinu. Framtíðarsýn ESB er að allar plastumbúðir verði endurvinnanlegar eða endurnýtanlegar árið 2030.

Hvar er málið statt?

Efnislega hafa breytingarnar á tilskipununum um úrgang verið samþykktar og reiknað er með að þær taki gildi í ESB-ríkjunum seinni hluta árs 2018.

Aðgerðir

Brýnt er að fylgjast með framvindu mála og koma sjónarmiðum Íslands á framfæri við stofnanir ESB ef þörf krefur, svo sem um séraðstæður vegna smæðar og óhagkvæmni endurvinnslumarkaðarins í landinu.

Samgöngumál

• Flutningastarfsemi á vegum

Rökstuðningur

Framkvæmdastjórn ESB lagði fram í lok maí 2017 nýjar tillögur vegna flutninga á vegum sem hafa það að markmiði að bæta aðstæður og réttindi starfsmanna sem starfa við akstur flutningabifreiða og skapa jafnari samkeppnisaðstæður fyrir fyrirtæki í greininni. Tillögurnar mæla m.a. fyrir um endurskoðun á tilskipun um

vottorð um starfshæfni ökumanna, endurskoðun á tilskipun um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun ökumanna tiltekinna ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga og endurskoðun á reglugerð um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum. Þá er í tillögunum fjallað um gjaldtöku af umferð. Mikilvægt er að fylgjast með þróun þessara gerða í ljósi ríkra hagsmuna bæði einkaaðila og stjórnsýslunnar af því að í þeim felist ekki íþyngjandi ákvæði umfram það sem nauðsynlegt er fyrir innri markaðinn. Í ljósi landfræðilegrar legu Íslands hafa flutningar á vegum hér á landi takmörkuð áhrif á innri markaðinn og því rétt að nota öll tækifæri til að koma íslenskum sjónarmiðum á framfæri.

Hvar er málið statt?

Framkvæmdastjórn ESB lagði fram í lok maí 2017 nýjar tillögur vegna flutninga á vegum. Tillögurnar voru kynntar ráðinu haustið 2017 og fer samgöngu- og ferðamálanefnd í Evrópuþinginu með málið. Staðan á viðræðunum varðandi fyrsta pakkann var kynnt í framvinduskýrslu í lok desember 2017. Enn er óljóst hvenær þríhliða viðræður munu hefjast.

Aðgerðir

Í september sl. héldu EFTA-ríkin innan EES málstofu um nýju tillögurnar í Brussel, sem fulltrúi Íslands stýrði. Þar komu fram eftirfarandi atriði sem Ísland leggur áherslu á að fylgja eftir á næstu mánuðum gagnvart viðeigandi aðilum í Brussel, þar á meðal fulltrúum samgönguráðuneyta ESB-ríkja í Brussel og Evrópuþingsins:

- Tillögurnar gera ráð fyrir að rekstraraðilar ökutækja með leyfilega heildarþyngd undir 3,5 tonnum (sendibílar o.fl.) falli undir tilteknar kröfur reglugerðar 1071/2009/EB um skilyrði sem uppfylla þarf til að mega starfa sem flutningsaðili á vegum. Ljóst er að slík niðurstaða felur í sér íþyngjandi kröfur fyrir íslenska rekstraraðila en hefur, í ljósi landfræðilegrar legu Íslands, enga þýðingu fyrir innri markaðinn.
- Tillögurnar gera ráð fyrir að ákvæði um að svigrúm til að veita notendum umferðarmannvirkja afslátt af veggjöldum/notkunargjöldum verði hið sama fyrir þungaflutningabifreiðar og einkabifreiðar. Hingað til hefur gjaldtaka af einkabifreiðum einungis takmarkast af meginreglunni um bann við mismunun á grundvelli þjóðernis.

- **Reglugerð um flugöryggisstofnun Evrópu**

Rökstuðningur

Framkvæmdastjórnin hefur lagt fram tillögu að nýrri reglugerð um flugöryggisstofnun Evrópu (EASA). Gerðin er hluti af heildarstefnumótun í almenningsflugi og í henni er gert ráð fyrir mögulegu framsali á verkefnum frá ríkjum til EASA og framkvæmdastjórnarinnar. Fulltrúar Íslands hafa fylgst sérstaklega með ákveðnum greinum sem fela í sér mögulegt framsal á ábyrgð ríkja til flugöryggisstofnunar án sérstaks samþykkis viðkomandi ríkis. Pólitískt samkomulag náðist milli Evrópuþingsins, framkvæmdastjórnarinnar og ráðsins um ákvæði reglugerðarinnar í desember síðastliðnum. Stefnt er að því að reglugerðin verði samþykkt á vettvangi stofnana ESB fyrir mitt sumar. Íslensk

stjórnvöld vinna að því að greina drögin með hliðsjón af framangreindu og mun sú vinna eiga sér stað í samráði við hagsmunaaðila.

Hvar er málið statt?

Príhliða viðræðum er lokið og formleg ákvörðun ESB er væntanleg á næstunni.

Aðgerðir

Ísland hefur fylgt málinu eftir, m.a. á fundum með framkvæmdastjórninni, aðilum úr ráðinu og með viðræðum við framsögumann og starfsmenn þingsins. Hefja þarf undirbúning að vinnu við aðlögunartexta vegna upptöku væntanlegrar gerðar í EES-samninginn og vinnu við frumvarp til breytinga á loftferðalögum sem leiða af reglugerðinni.

Innri markaður

- **Deiliahagkerfi í ferðapjónustu**

Rökstuðningur

Deiliahagkerfi í ferðapjónustu hefur vaxið ört á Íslandi á síðustu árum. Ný löggjöf um heimagistingu tók gildi á Íslandi 1. janúar 2017 og 1. júlí s.á. var skráning heimagistingar einfölduð enn frekar. Markmið nýrra reglna er að einfalda umsýslu og mæta nýjum veruleika í ferðapjónustu sem orðið hefur til með auknu framboði á gistirými til ferðamanna á grundvelli deiliahagkerfis. Nauðsynlegt er að fylgjast vel með umræðunni hjá framkvæmdastjórn ESB og í Evrópuþinginu.

Hvar er málið statt?

Haldnar hafa verið málstofur á vegum framkvæmdastjórnar ESB sem Ísland hefur tekið þátt í og Evrópuþingið lagði til í maí 2017 áætlun um hvernig takast ætti á við deiliahagkerfi í Evrópu. Hún felur m.a. í sér að setja eigi reglugerðir og almennar meginreglur um deiliahagkerfi. Eins og staðan er hyggst framkvæmdastjórn ESB ekki leggja fram tillögu um löggjöf á þessu sviði.

Aðgerðir

Mikilvægt er að fylgjast vel með umræðum um þennan málaflokk, einkum innan stofnana Evrópusambandsins, til að hægt sé að nýta þekkingu og reynslu annarra landa og hafa áhrif á þá stefnu sem ESB hyggst móta í þessum efnunum.

Samkeppnisréttur

Rökstuðningur

Samkeppnisrétturinn er gríðarlega mikilvægur fyrir sameiginlega innri markaðinn og myndar kjarna þeirra reglna sem eiga að tryggja virkni hans. Framkvæmd þeirra reglna og eftirlit með þeim er að mestu í höndum samkeppniseftirlits aðildarríkjanna. Í tilskipun 2014/104/ESB um skaðabætur vegna samkeppnisbrota eru samræmdar málsmeðferðarreglur sem gilda um skaðabótamál vegna samkeppnisbrota fyrir dómstólum aðildarríkjanna. Tilgangurinn er að efla og samræma möguleika tjónþola samkeppnisbrota til að sækja skaðabætur til

brotlegra aðila, samræma málsmeðferðarreglur vegna þess og hafa almenn varnaðaráhrif. Þessar reglur hafa verið mismunandi eftir löndum og réttarstaðan því misjöfn og oft brotakennd. Nú hefur framkvæmdastjórn ESB lagt fram nýja tillögu að tilskipun um eflingu samkeppniseftirlits aðildarríkjanna. Tillagan felur í sér samræmingu á valdheimildum og málsmeðferð samkeppniseftirlits aðildarríkjanna til að tryggja samræmt eftirlit og samræmda beitingu samkeppnisreglna innan ESB.

Hvar er málið statt?

Ný tillaga um eflingu samkeppniseftirlits aðildarríkjanna er nú til umfjöllunar hjá ráðinu og Evrópuþinginu. Tilskipun 2014/104/ESB hefur tekið gildi innan ESB en ekki verið tekin upp í EES-samninginn.

Aðgerðir

Málið hefur verið til umfjöllunar í vinnuhópi EFTA um samkeppnismál undanfarin ár. EFTA-ríkin innan EES sendu álit til Evrópuþingsins og ráðsins 7. júlí 2017. Í álitinu er vakin athygli á því að ný tillaga að tilskipun um eflingu samkeppniseftirlita aðildarríkjanna muni hafa sama annmarka við upptöku í EES-samninginn og tilskipun 2014/104/ESB. Tilskipanirnar ganga út frá gagnkvæmni og samvinnu milli samkeppniseftirlitsstofnana aðildarríkjanna sem ekki er möguleg í dag milli EFTA-ríkjanna innan EES og ESB vegna tveggja stöða kerfisins. Gera þarf breytingar á bókun 21 við EES-samninginn, viðauka XIV um samkeppni og hugsanlega samningnum um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Stafrænn innri markaður

• Endurskoðun á fjarskiptaregluverki ESB

Rökstuðningur

Markmið með endurskoðun á fjarskiptaregluverki ESB er að uppfæra það miðað við nýjar markaðsaðstæður. Gildandi regluverk er að meginstofni til frá 2002 og voru gerðar talsverðar breytingar á því árið 2009. Þær breytingar hafa enn ekki verið teknar upp í EES-samninginn og innleiddar hér á landi vegna ágreinings um stöðu EFTA-ríkjanna innan EES í BEREC (Body of European Regulators for Electronic Communications). EFTA-ríkin innan EES hafa ekki sætt sig við að þau séu skilgreind sem áheyrnaraðilar eins og gert er ráð fyrir í núgildandi BEREC-reglugerð og hafa viljað vera skilgreind sem fullgildir þátttakendur án atkvæðisréttar í samræmi við stöðu þeirra gagnvart öðrum sambærilegum stofnunum ESB.

Hvar er málið statt?

Drög að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar voru send til ESB 9. maí 2016. Ekki náðist samkomulag um upptöku gerðanna í samninginn árið 2017 og ekki er útlit fyrir að hægt verði að innleiða þær í fyrirsjáanlegri framtíð. Framkvæmdastjórn ESB hefur gefið til kynna að frá sjónarhóli hennar sé gagnlegra að bíða eftir nýrri gerð framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á BEREC og fjarskiptaregluverkinu áður en samið verður um þátttöku EFTA í BEREC. Beðið er eftir formlegu svari frá ESB.

Tillögur framkvæmdastjórnar ESB um nýja endurskoðun á fjarskiptaregluverki og BEREC voru lagðar fram í september 2016. Málið er til umræðu hjá Evrópuþinginu og ráðinu og útlit fyrir að samkomulag náist í þríhliða viðræðum milli stofnananna í sumar eða haust.

Aðgerðir

EFTA-ríkin innan EES sendu ESB álit árin 2013 og 2015. Í mars 2017 sendu EFTA-ríkin innan EES þriðja álit sitt þar sem þau lýstu ánægju sinni með að endurskoðuð tillaga framkvæmdastjórnarinnar kæmi til móts við óskir EFTA-ríkjanna um að fella út ákvæði um áheyrnaraðild þeirra að BEREC en afstaða EFTA-ríkjanna er sú að aðeins við upptöku gerða í EES-samninginn eigi að taka ákvörðun um þátttöku þeirra í stofnunum ESB. Einnig var tilgangurinn að minna Evrópuþingið og ráðið á að tillagan, eins og hún var lögð fram af framkvæmdastjórninni, mundi gera EFTA-ríkjunum kleift að semja seinna um þátttöku sína í BEREC. Í október 2017 var síðan fjórða álitid sent til ESB til að fylgja sjónarmiðum EFTA-ríkja innan EES enn frekar eftir. Fylgjast þarf áfram með þróun á regluverkinu og halda áfram að koma sjónarmiðum Íslands á framfæri.

• Net- og upplýsingaöryggi

Rökstuðningur

Aukið netöryggi (Cyber security), jafnt hjá fyrirtækjum sem hinu opinbera, verður sífellt mikilvægara í ljósi fjölgandi tölvuárása í heiminum. Nágrannaþjóðir Íslands leggja æ ríkari áherslu á aukið netöryggi en Ísland hefur ekki náð að fylgja eftir þeirri þróun heldur frekar dregist aftur úr. Áreiðanleiki og öryggi net- og upplýsingakerfa skiptir sköpum fyrir efnahagslega- og samfélagslega starfsemi.

Reglur um net- og upplýsingaöryggi hafa verið til endurskoðunar hjá Evrópu-sambandinu undanfarin ár. Kjarnaþættir aðgerðaramma ESB til að stuðla að bættu netöryggi samanstanda af þremur þáttum. Þar er fyrst að telja nýja tilskipun um net- og upplýsingaöryggi (Directive on Security of Network and Information Systems – NIS) sem var samþykkt í júlí 2016. NIS-tilskipunin tekur til allra atvika sem ógnað geta öryggi og heildstæði neta. Tilskipunin tekur bæði til netárása og raunlægrar verndar neta. Meginmarkmið tilskipunarinnar eru þrjúþætt: 1) Að auka hæfni aðildarríkja til að bæta netöryggi og bregðast við aðstæðum þar sem netöryggi er raskað. 2) Bæta samvinnu aðildarríkja á sviði netöryggis. 3) Styrkja stoðir mikilvægra innviða og nauðsynlegrar þjónustu þar sem netöryggi kemur við sögu. Undir NIS-tilskipunina falla allir rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu eins og hún er nánar skilgreind í tilskipuninni, en það er orkuþjónusta, flutningaþjónusta, bankaþjónusta, þjónusta innviða fjármálamarkaða, heilbrigðisþjónusta, þjónusta birgða og dreifing neysluvatns. Þá falla stafrænir þjónustu-veitendur undir tilskipunina en það er netmarkaður, leitarvélar á netinu og skýjavinnsluþjónusta. Í öðru lagi er ný endurskoðuð áætlun um netöryggi og tilmæli frá framkvæmdastjórninni um samhæfingu viðbragða við stórum netárásam og í þriðja lagi er Ísland virkur þátttakandi innan net- og upplýsingaöryggisstofnunar ESB (ENISA).

Hvar er málið statt?

Á Íslandi er undirbúningur hafinn að því að taka NIS-tilskipunina upp í EES-samninginn. Þá er samhliða hafin vinna við innleiðingu hennar. Tilskipunin kemur til með að styrkja regluverkið og leiðir til aukins netöryggis á Íslandi. Framkvæmdastjórn ESB lagði fram endurskoðaða áætlun um netöryggi í september 2017 og endurskoðun á reglum um net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins (ENISA) til þess að samræma hana NIS-tilskipuninni. Þá var einnig lögð fram ný innleiðingargerð um NIS sem og orðsending framkvæmdastjórnarinnar um hvernig er hægt að ná því besta úr NIS. Framkvæmdastjórn ESB mun samtímis leggja til nýjar ráðstafanir um netöryggisstaðla, vottun og merkingar til þess að gera tölvukerfi (ICT systems) öruggari.

Aðgerðir

Mikilvægt er að klára að innleiða NIS-tilskipunina. Í því sambandi er nauðsynlegt að Ísland taki nú þegar þátt í nefndum og vinnuhópum sem heyra undir tilskipunina (Network and Information systems (NIS) Committee, Expert Group og Cooperation Group). Einnig er nauðsynlegt að skoða nýja tillögu um hlutverk net- og upplýsingaöryggisstofnunar ESB (ENISA) sem Ísland er aðili að og kanna hvort EFTA-ríkin eigi að undirbúa EES-EFTA-álit til að senda ESB. Skoða þarf nýja áætlun ESB um netöryggi og greina hvað eigi heima undir EES-samningnum. Nauðsynlegt er að fylgjast vel með þróun regluverksins og ekki síður þróun nýrra staðla um leið og unnið er að eflingu netöryggissveitar til að tryggja samhæfingu innan málaflokksins.

Fjármálastarfsemi

- **Endurskoðun á evrópskum fjármálaeftirlitsstofnunum**

Rökstuðningur

Reglugerðir um evrópskar eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði voru teknar upp í EES-samninginn 30. september 2016 eftir langar samningaviðræður EFTA-ríkjanna við ESB um aðlaganir í samræmi við stjórnskipan EFTA-ríkjanna og tveggja stoða kerfi EES-samningsins.

Framkvæmdastjórn ESB setti á fót samráð um framtíð evrópskra eftirlitsstofnana á fjármálamarkaði sem lauk 16. maí 2017. EFTA-ríkin innan EES sendu álit sitt til framkvæmdastjórnar ESB 15. maí 2017 og lögðu áherslu á að þar sem vinnan á bak við þessa lausn hefði bæði verið erfið og flókin væri mikilvægt að taka tillit til þess samkomulags sem náðist milli ESB og EFTA-ríkjanna ef breytingar yrðu á núverandi regluverki um evrópsku eftirlitsstofnanirnar.

Hvar er málið statt?

Framkvæmdastjórnin birti tillögu um endurskoðun á evrópskum fjármálaeftirlitsstofnunum 20. september 2017 þar sem meðal annars er lagt til að efla samhæfingu eftirlitsstofnana, auka eftirlitshlutverk ESMA og styrkja stjórnunarkerfi stofnana, m.a. með því að koma á fót svokölluðum óháðum framkvæmdastjórnnum og að fjármögnun eftirlitsstofnana verði óháð fjármálaeftirliti í ríkjum ESB.

Aðgerðir

Mikilvægt er að fylgjast með þróun þessara tillagna framkvæmdastjórnarinnar og vera í nánnum tengslum við ráðið og Evrópuþingið til að koma sjónarmiðum Íslands á framfæri varðandi einstök atriði og ekki síst til að minna á mikilvægi þeirrar lausnar sem var fundin fyrir EFTA-ríkin innan EES og tryggja að henni verði haldið til haga.

- **Fjártækni (FinTech)**

Rökstuðningur

Með hugtakinu fjártækni (FinTech) er átt við nýjar tæknilausnir á fjármálamarkaði. Þannig er átt við hvers kyns tæknilega nýsköpun eða frumkvæði sem leitt getur til nýrra ferla, forrita eða viðskiptaaðferða sem hafa áhrif á fjármálafyrirtæki og markaði fjármálaþjónustu. Fjártækni hefur á undanförunum árum verið í afar hraðri þróun og fjárfestingar hafa verið miklar. Af þeim sökum er fyrirséð að miklar breytingar kunni að eiga sér stað á fjármálamarkaði.

Fjártækni getur skapað ný tækifæri og ávinning, jafnt fyrir fyrirtæki og neytendur, og hefur því verið talið mikilvægt af hálfu ESB að styðja við nýsköpun á þessu sviði. Að sama skapi hefur verið talið brýnt að tryggja fjárhagslegan stöðugleika, traust neytenda og vernd þeirra. Fyrirséð er að nýjar tæknilausnir hafi áhrif á neytendur og fyrirtæki og það kallar á greiningu og aðgerðir þeirra sem fara með reglusetningu og eftirlit. Af þessum sökum hefur ESB lagt áherslu á að afla upplýsinga, móta stefnu og setja fram aðgerðaáætlanir m.t.t. fjártækni.

Íslenskur fjármálamarkaður tengist hinum sameiginlega evrópska markaði fjármálaþjónustu. Í ljósi örra tæknibreytinga og áskorana sem þeim fylgja verður að telja mikilvægt fyrir hagsmuni Íslands (nýsköpunarfyrirtæki, fjármálafyrirtæki og ekki síst neytendur) að íslensk stjórnvöld fylgist vel með þróun á þessu sviði, þ.e. upplýsingaöflun og greiningarvinnu á vettvangi ESB og tillögum þess hvað þetta varðar. Þá er mikilvægt að koma íslenskum sjónarmiðum á framfæri.

Hvar er málið statt?

Stofnanir ESB hafa látið vinna skýrslur sem varða fjártækni á undanförunum árum. Hér má nefna t.a.m. skýrslu nefndar Evrópuþingsins sem unnin var í upphafi árs 2017 um áhrif tækni á framtíð fjármálageirans, sem leiddi m.a. til ályktunar Evrópuþingsins árið 2017.

Fjártækni tengist mörgum sviðum fjármálaþjónustu og hefur jafnframt snertifleti við önnur svið. Síðla árs 2016 setti framkvæmdastjórn ESB á fót sérstakan innanhúss starfshóp (FTTF; Financial Technology Task Force) en í honum sitja fulltrúar þeirra eininga innan ESB sem fara með málefni fjármálaþjónustu (DG FISMA), stafræns innri markaðar (DG Connect), samkeppnismála (DG COMP) og neytendaverndar (DG JUST). Markmið hans var að móta og skila tillögum um stefnu m.t.t. fjártækni til framkvæmdastjórnarinnar og benda á hvaða aðgerða væri þörf. Í því skyni var gert ráð fyrir að starfshópurinn ætti samráð við sérfræðinga og hagsmunaaðila.

Komið er inn á málefni fjártækni í aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnar ESB um þjónustu til neytenda (Consumer Services Action Plan) sem kynnt var í mars 2017. Þá var haldin ráðstefna um málefni fjártækni af hálfu framkvæmdastjórnarinnar í sama mánuði. Í tengslum við aðgerðaáætlunina var opnu samráði um fjártækni ýtt úr vör og stóð frá mars til júní 2017. Markmið þess var að leita áhlits hagsmunaaðila og afla upplýsinga m.t.t. tækninýjunga í fjármálaþjónustu, til þess að unnt væri að meta hvort nógildandi Evrópureglur væru fullnægjandi og til hvaða aðgerða ESB ætti að grípa. Framkvæmdastjórninni bárust svör frá 226 aðilum. Til viðbótar má nefna að komið var inn á málefni fjártækni í álit framkvæmdastjórnarinnar á aðgerðaáætlun um sameiginlegan fjármagnsmarkað (Capital Markets Union Action Plan – Mid Term Review) í júní 2017. Af vettvangi evrópskra eftirlitsstofnana á fjármálamarkaði má nefna að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) birti umræðuskjal (2017 FinTech Discussion Paper) í ágúst 2017 sem innihélt m.a. frumkortlagningu á starfsemi fjártæknifyrirtækja innan ESB og þar sem afstöðu stofnunarinnar var lýst.

Hinn 8. mars 2018 lagði framkvæmdastjórnin fram sérstaka aðgerðaáætlun um fjártækni (FinTech Action Plan 2018). Byggðist hún m.a. á niðurstöðu opna samráðsins frá 2017 og vinnu FTTF-starfshópsins. Áætlunin hefur m.a. að geyma skref til þess að styðja við notkun nýrrar tækni, s.s. bálkakeðjur (blockchain), gervigreind og skýjaþjónustu í fjármálaþjónustu, sem og að auka netöryggi og trúverðugleika fjármálakerfisins. Er aðgerðunum ætlað að auka samræmingu í eftirliti með hliðsjón af nýsköpun á þessu sviði og gera fyrirtækjum sem starfa á fjármálamarkaði í aðildarríkjum ESB betur kleift að nýta þau tækifæri sem felast í tækninýjungum. Meðal þessara aðgerða er að halda áfram starfi nýstofnaðs rannsóknarseturs um bálkakeðjur (EU Blockchain Observatory and Forum) og setja á fót rannsóknaveitvang um fjártækni (EU FinTech Laboratory). Aðgerðaáætlun þessi er hluti af markmiði ESB um sameiginlegan fjármagnsmarkað og sameiginlegan markað m.t.t. fjármálaþjónustu til neytenda. Hún tengist einnig áætlun ESB um stafrænan innri markað (Digital Single Market).

Í tengslum við aðgerðaáætlunina hefur framkvæmdastjórnin nú á árinu 2018 lagt fram tillögu að reglugerð um hóp fjármögnun (Regulation on European Crowdfunding Service Providers for Business). EBA kynnti þá áhersluatriði stofnunarinnar í þessum málaflokki 2018–2019 15. mars 2018 (FinTech Roadmap) í samræmi við framangreinda aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnar ESB um fjártækni. Kemur þá m.a. fram að áætlað er af hálfu EBA setja á fót þekkingarsetur vegna fjártækni (FinTech Knowledge Hub).

Aðgerðir

Lagt er til að haldið verði áfram að funda með framkvæmdastjórn ESB til að fylgjast með þróun mála. Aflað verði upplýsinga um starfsemi ESB og evrópskra eftirlitsstofnana á sviði fjártækni og leitast við að tryggja aðgang að þáttum sem framkvæmdaáætlun ESB um fjártækni og stefna EBA kveða á um. Kanna þarf hvort nauðsynlegt er að undirbúa sameiginlegt álit EFTA-ríkja innan EES hvað varðar nýja tillögu framkvæmdastjórnarinnar um reglugerð sem lýtur að hóp fjármögnun til að senda til ESB.

Rannsóknir og nýsköpun, menntun og menning

- **Mótun næstu ESB-áætlana á sviði rannsókna og nýsköpunar**

Rökstuðningur

Um 76,5% af heildarframlagi Íslands til EES-samstarfsins renna til þessa málaflokks og þátttaka í evrópska vísinda- og rannsóknasamstarfinu er afar mikilvæg fyrir Íslendinga, sbr. stefnu Vísinda- og tækniráðs. Á fyrstu þremur starfsárum Horizon 2020-áætlunarinnar hafa verið greiddar 42.334.554 evrur í styrki til íslenskra aðila og alls runnu 67.283.478 evrur til íslensks vísindasamfélags úr 7. rannsóknaráætluninni (2007–2013). Ísland á sæti í yfirnefnd og í u.þ.b. 20 stjórnarnefndum áætlana Horizon 2020, fulltrúar Íslands sitja í stefnumótandi vinnuhópum á vettvangi ESB, auk þess að taka þátt í vinnuhópi EFTA á sviði rannsókna og nýsköpunar og öðru samstarfi þessu viðvíkjandi og hafa því tækifæri til að koma sjónarmiðum og hagsmunum Íslands á framfæri þegar kemur að stefnumótun til framtíðar. Þá fylgist fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis í sendiráðinu í Brussel einnig náið með mótun nýrrar áætlunar og mun vinna að framgangi íslenskra áherslna í samráði við ráðuneytið og hagsmunaaðila.

Hvar er málið statt?

Haustið 2016 byrjaði framkvæmdastjórn ESB að móta fyrstu hugmyndir að áherslum í næstu rannsókna- og nýsköpunaráætlun eftir 2020. Fjölmarginir fundir hafa verið haldnir á vegum ESB og í vor mun framkvæmdastjórn ESB leggja fram stefnumótandi skjal um málefnið sem fer í samráðsferli.

Aðgerðir

Á tímabilinu 1. september 2016 til 31. maí 2017 sótti vísinda-, mennta- og menningarfulltrúi MMR í Brussel 27 fundi sem lúta beinlínis að undirbúningi á nýrri rannsókna- og nýsköpunaráætlun. Þessi undirbúnings- og hugmyndavinna mun gefa Íslandi möguleika á að koma sínum áherslum á framfæri og veita jafnframt innsýn í það sem önnur lönd leggja áherslu á. Hinn 19. apríl 2017 var haldin vinnustofa með hagsmunaaðilum á Íslandi þar sem áherslur Íslands voru teknar saman og sendar til framkvæmdastjórnar ESB í formi stöðuskjals, þar sem fram kemur álit á skipulagi og uppbyggingu næstu áætlunar. Mun það vera í fyrsta sinn sem Ísland tekur þátt í stefnumótun á fyrstu stigum rannsóknaráætlunar. Ísland leggur m.a. áherslu á að einfalda ut anumhald verkefna og gera áætlunina aðgengilegri, auk þess sem mælt verður með því að framúrskarandi vísindi, gæði og þverfaglegt vísindastarf verði haft að leiðarljósi. Í kjölfar þessarar samráðsvinnu mun framkvæmdastjórn ESB leggja fram stefnumótandi skjal sem fer í samráðsferli. Þegar fyrstu drög að uppbyggingu nýrrar áætlunar liggja fyrir mun Ísland senda inn nýtt álit sem mun þá snúast um innihald og rannsóknaráherslur.

- **Mótun næstu ESB-áætlana á sviði menntunar, æskulýðsmála og íþróttar**

Rökstuðningur

Ísland tekur nú þátt í Erasmus+ áætluninni sem nær yfir tímabilið 2014–2020. Á fyrstu þremur starfsárum áætlunarinnar hafa íslenskir aðilar fengið 15.397.231 evra í styrki. Ísland á sæti í stjórnarnefnd áætlunarinnar og tekur þátt í

stefnumótandi vinnuhópum. Ný áætlun mun líta dagsins ljós árið 2021 og er búist við að fyrstu hugmyndir um skipulag og uppbyggingu hennar berist frá framkvæmdastjórn ESB árið 2018.

Hvar er málið statt?

Árið 2018 mun framkvæmdastjórn ESB kynna fyrstu hugmyndir að áherslum í næstu áætlun á sviði menntunar, æskulýðsmála og íþróttar eftir 2020.

Aðgerðir

Vænta má að svipuð undirbúningsvinna og unnin hefur verið fyrir áætlun um rannsóknir og þróun hefjist um mótun nýrra áætlana á þessu sviði.

- **Mótun næstu ESB-áætlana á sviði menningar**

Rökstuðningur

Ísland tekur nú þátt í Creative Europe-áætluninni sem styrkir kvikmyndagerð, listir og önnur menningarmál og nær yfir tímabilið 2014–2020. Á fyrstu þremur starfsárum áætlunarinnar hafa verið greiddar 2.850.106 evrur í styrki til íslenskra aðila. Ísland á sæti í stjórnarnefnd Creative Europe en hefur framan af ekki getað tekið þátt í stefnumótandi hópum, en frá og með 2017 hefur Íslandi og Noregi í auknum mæli verið boðið að fylgjast með þeirri vinnu og taka þátt í vinnuhópum á sviði menningar. Ný áætlun mun líta dagsins ljós árið 2021 og er búist við að fyrstu hugmyndir um skipulag og uppbyggingu berist frá framkvæmdastjórn ESB árið 2018.

Hvar er málið statt?

Árið 2018 mun framkvæmdastjórn ESB kynna fyrstu hugmyndir að áherslum í næstu menningar- og kvikmyndaáætlun eftir 2020.

Aðgerðir

Vænta má að svipuð undirbúningsvinna og unnin hefur verið fyrir áætlun um rannsóknir og þróun hefjist um mótun nýrra áætlana á þessu sviði.

Betri reglur

- **Taka þátt í endurskoðun fyrirbyggjandi löggjafar innan REFIT**

Rökstuðningur

Á flestum verkefnasviðum ESB hefur verið sett umfangsmikil löggjöf, t.d. á sviði innri markaðar. Í framtíðinni mun aukin áhersla verða lögð á endurskoðun og mat á framkvæmd gildandi löggjafar. Innan verkefnisins um betri reglur fellur svokölluð REFIT-endurskoðunar- og endurmatsáætlun gildandi löggjafar. Umtalsverður hluti regluverksins sem kemur til endurskoðunar og endurmats hefur verið tekinn upp í EES-samninginn og tekur að mörgu leyti til íslensks viðskipta-umhverfis. Þannig varðar endurskoðunin Ísland oft beint.

Hvar er málið statt?

Framkvæmdastjórnin gerir grein fyrir efnistöku REFIT (Regulatory Fitness) í

árlegri vinnuáætlun sinni og sætir tiltekin löggjöf þegar endurskoðun. Settur hefur verið á laggirnar nýr REFIT-vettvangur (REFIT-platform) með þátttöku fulltrúa aðildarríkjanna og milli 20 og 30 fulltrúa frá hagsmunaaðilum. Frá því að þessum vettvangi var komið á fót hafa 58 álit verið tekin saman. Í nýrri verkefnaáætlun framkvæmdastjórnarinnar fyrir árið 2018 sæta 15 tillögur endurskoðun og hafa þessi álit meðal annars verið tekin þar til greina. Unnið er að því að skapa betri yfirsýn innan REFIT og virkja REFIT-vettvanginn til að ákveða efnistöð við endurskoðun áætlunarinnar. Einnig er unnið að því að skapa möguleika fyrir aðildarríki og hagsmunaaðila til að koma að athugasemdum á öllum stigum endurskoðunarferlisins og auðvelda yfirsýn yfir þau endurskoðunarferli sem eru í gangi. Vefsíðan „Contribute to law-making“ var nýlega sett á laggirnar hjá ESB og gefst þá almenningi og hagsmunaaðilum möguleiki á að taka fullan þátt í lagasetningarferli framkvæmdastjórnarinnar. Þá er unnið að sérstöku REFIT-frammistöðumati og árlegri könnun á reglubyrði.

Aðgerðir

REFIT-vettvangurinn gefur fulltrúum Íslands tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við gildandi löggjöf ESB og geta þeir jafnvel átt frumkvæði að því að stinga upp á að löggjöf verði endurskoðuð þegar reynsla er komin á framkvæmd hennar á Íslandi. Ísland gæti haft sitthvað fram að færa í ljósi þess að fyrirtæki eru almennt frekar lítil hér á landi og áhrif íþyngjandi reglusetningar koma ef til vill fyrr fram en annars staðar. Nýta mætti samráðsvettvang með atvinnulífínu til að kalla eftir hugmyndum varðandi EES og koma þeim á framfæri við framkvæmdastjórnina. Þá er kjörið að nýta EFTA-skrifstofuna og EFTA-sérfræðingahópana til að fylgjast með REFIT-endurskoðunar- og endurmatsáætluninni, eins og gert er í dag. Þá mætti einnig vekja athygli innanlands á yfirliti á vef framkvæmdastjórnar ESB yfir samráðsferli um löggjöf í mótun eða löggjöf sem sætir endurskoðun innan REFIT-verkefnisins.

Lyfjamál

- **Rafrænir fylgiseðlar lyfja**

Rökstuðningur

Í lyfjastefnu til 2022 sem samþykkt var á Alþingi 31. maí 2017 segir að stefnt skuli að því að fylgiseðlar með lyfjum verði rafrænir. Landspítali hefur lagt til að sérhæfð lyf sem gefin eru á sjúkrastofnunum af heilbrigðisstarfsfólki fái undanþágu frá kröfu um íslensku á áletrunum og fylgiseðlum á pappír í hverri pakkningu, m.a. til að auðvelda sameiginleg norræn innkaup og útboð lyfja. Ef fylgiseðlar væru aðgengilegir á rafrænu formi mætti koma til móts við þessa ósk auk þess sem það gæti leyst ýmis önnur mál sem einkum snúa að minni löndum eins og Íslandi.

Hvar er málið statt?

Heilbrigðisráðuneytið hefur tekið þetta mál upp á erlendum vettvangi og mælst til þess að breyting verði gerð á ákvæði í tilskipun ESB, sem heimili að fylgiseðlar með lyfjum geti verið aðgengilegir á mismunandi tungumálum á rafrænu formi. Einnig má geta þess að Landamærahindranaráð Norrænu ráðherranefndarinnar, sem

vinnur að lausn stjórnarsýsluhindrana, telur einnig að heimila eigi löndum að notast við rafræna fylgiseðla.

Aðgerðir

Í lok október 2017 funduðu fulltrúar Íslands með framkvæmdastjórn ESB um möguleika á breytingu á 58. grein tilskipunar 2001/83/ESB til að heimila rafræna fylgiseðla með lyfjum í þeim löndum sem telja þörf á að slík lausn sé möguleg. Framkvæmdastjórn ESB upplýsti að umræður væru um málið en lagði áherslu á að mögulegar lausnir yrðu að rúmast innan nágildandi lagagreinar. Næsta skref verður að koma málstað Íslands á framfæri, meðal annars á vinnustofu sem framkvæmdastjórnin mun halda um málefnið í októbermánuði í London.

Vinumarkaðurinn

- **Endurskoðun á tilskipun um útsenda starfsmenn**

Rökstuðningur

Útsendir starfsmenn gegna mikilvægu hlutverki á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins og þá sérstaklega í tengslum við veitingu þjónustu yfir landamæri. Markmið tilskipunar um útsenda starfsmenn er að stuðla að jafnvægi milli þess að auðvelda veitingu þjónustu yfir landamæri og þess að tryggja að slíkt leiði ekki til félagslegra undirboða í því landi þar sem þjónustan er veitt og raski þannig samkeppnisstöðu annarra þjónustuaðila í viðkomandi landi. Sambærileg vandamál í tengslum við útsenda starfsmenn hafa komið upp í aðildarríkjunum og tengjast meðal annars félagslegum undirboðum, þ.e. „svartri“ atvinnustarfsemi og svokölluðum „skúffufyrirtækjum“ (letter-box companies), ekki síst vegna þess að það hefur verið bundið ákveðnum vandkvæðum fyrir aðildarríkin að hafa eftirlit með starfskjörum útsendra starfsmanna. Færst hefur í vöxt að útsendir starfsmenn séu sendir hingað til lands og grunur leikur á að þeir hafi í sumum tilvikum ekki fengið greidd laun eða notið annarra starfskjara í samræmi við íslensk lög og kjarasamninga. Markmiðið með tillögu framkvæmdastjórnarinnar er að tryggja betur en nú er að útsendir starfsmenn njóti launa og annarra starfskjara í samræmi við lög og kjarasamninga í því landi sem þeir starfa hverju sinni. Þannig verði einnig spornað gegn félagslegum undirboðum og röskun á samkeppnisstöðu fyrirtækja að mati framkvæmdastjórnarinnar.

Hvar er málið statt?

Tillaga framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins hefur verið lengi til umræðu enda málið mjög pólitískt og hin lagalegu álitamál eru flókin. Málið er komið á lokastig en 19. mars 2018 var haldinn áttundi og jafnframt síðasti fundur í þríhliða viðræðum ráðsins, þingsins og framkvæmdastjórnarinnar um málið. Þríhliða viðræðunum lauk í apríl 2018. Formleg ákvörðun ESB er væntanleg á næstunni.

Aðgerðir

EFTA-vinnuhópur um frjálsa för launafólks og EFTA-vinnuhópur um vinnurétt og vinnuvernd hafa fylgst með framgangi málsins innan Evrópusambandsins og munu halda því áfram. Einnig er mikilvægt að samtök aðila vinnumarkaðarins fylgist áfram með framgangi málsins. Íslensk stjórnvöld munu eiga samráð við samtök

aðila vinnumarkaðarins eftir því sem málinu vindur fram í því skyni að meta framvindu þess.

- **Vinnumarkaðsstofnun Evrópu**

Rökstuðningur

Tillaga framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins liggur fyrir um að setja á fót sérstaka evrópska vinnumarkaðsstofnun (European Labour Authority – ELA) sem ætlað er að tryggja á sanngjarnan, einfaldan og skilvirkan hátt að þær Evrópureglur sem gilda um frjálsa för launafólks og þjónustuveitendur séu virtar. Talið er að þær reglur séu viðunandi en eftirliti, upplýsingagjöf og eftirfylgni sé ábótavant, einkum yfir landamæri, og því sé þörf á evrópskri vinnumarkaðsstofnun, sem getur einnig úrskurðað í milliríkjadeilum um málefni er varða vinnumarkaðinn.

Stofnunin mun hafa það hlutverk að auðvelda aðgengi einstaklinga og atvinnurekenda að upplýsingum um rétt þeirra og skyldur ásamt því að stuðla að aukinni samvinnu milli aðildarríkjanna þegar launafólk og þjónustuveitendur fara yfir landamæri til að sinna störfum sínum. Fulltrúar aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar munu skipa sérstaka stjórn og einnig er aðilum vinnumarkaðarins ætluð aðkoma að henni. Gert er ráð fyrir að stofnunin taki til starfa á árinu 2019 og verði fullbúin árið 2023, með 140 starfsmenn. Þar af er gert ráð fyrir um 60 sérfræðingum frá aðildarríkjunum (national experts).

Enn fremur er gert ráð fyrir að einstök ráð og nefndir sem þegar eru starfandi og íslensk stjórnvöld hafa átt virka aðild að verði felld inn í hina nýju vinnumarkaðsstofnun, svo sem EURES – vinnumiðlun innan Evrópska efnahagssvæðisins og nefndar sem lýtur að samhæfingu almannatrygginga, þar á meðal greiðslu sjúkrakostnaðar milli landa (sjúkratryggingar).

Hvar er málið statt?

Framkvæmdastjórnin birti 13. mars 2018 tillögu að reglugerð þar sem Evrópska vinnumarkaðsstofnunin er sett á fót. Fyrsti fundur með fulltrúum aðildarríkjanna um efni tillögunnar verður haldinn 16. maí nk. og munu íslenskir fulltrúar sækja fundinn.

Aðgerðir

Mikilvægt er að fylgjast með þróun þessarar tillögu framkvæmdastjórnarinnar. EFTA-vinnuhópur um frjálsa för launafólks, EFTA-vinnuhópur um vinnurétt og vinnuvernd og EFTA-vinnuhópur um almannatryggingar munu fylgjast með framgangi málsins innan Evrópusambandsins. Einnig er mikilvægt að samtök aðila vinnumarkaðarins fylgist með framgangi málsins og beiti áhrifum sínum, bæði á vettvangi EFTA og með þátttöku í starfi samtaka í Evrópu sem þau eiga aðild að. Íslensk stjórnvöld munu eiga samráð við samtök aðila vinnumarkaðarins eftir því sem málinu vindur fram í því skyni að meta framvindu þess.

- **Tillaga um jafnvægi milli fjölskyldu- og atvinnulífs**

Rökstuðningur

Ljóst er að í Evrópusambandinu verja konur tvisvar til tíu sinnum meiri tíma í störf tengd heimilinu en karlar sem hindrar þær í að komast til efnahagslegra og félagslegra áhrifa til jafns við karla. Jafnframt er líklegra að konur vinni hlutastörf til að geta gegnt heimilisskyldum auk þess sem konur taka mun lengra fæðingarorlof og hverfa frekar af vinnumarkaði til að sinna ólaunuðum umönnunarstörfum. Þá er atvinnuþátttaka kvenna innan Evrópusambandsins minni en karla. Í apríl 2017 birti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins orðsendingu um aðgerðir til að stuðla að jafnvægi á milli fjölskyldu- og atvinnulífs, jafnrétti kynjanna og aukinni atvinnuþátttöku kvenna.

Kynnt hafa verið drög að tilskipun með það að markmiði að stuðla að auknu jafnvægi fjölskyldu- og atvinnulífs foreldra og fólks (Work Life Balance) sem annast ættingja/maka. Í umræddum drögum að tilskipun er meðal annars kveðið á um að feður/makar fái að minnsta kosti tíu daga launað orlof frá vinnu þar sem greidd er að minnsta kosti sama upphæð og ef þeir væru í veikindaleyfi, fjögurra mánaða foreldraorlof verði sjálfstæður réttur hvors foreldris sem óheimilt verði að færa á milli foreldra og heimilt verði að taka það þar til barnið verður tólf ára í stað átta ára nú. Í drögunum er jafnframt fjallað um svokölluð umönnunarorlof þar sem launafólk sem þarf að annast veika eða aldraða ættingja eða maka eigi árlega rétt á fimm daga launuðu umönnunarleyfi frá vinnu. Á þetta bæði við um karla og konur sem vonandi leiðir til þess að þyki ekki jafn sjálfsgott og áður að konan taki sér leyfi frá störfum til að annast náskylda vegna veikinda. Þá er kveðið á um rétt til sveigjanlegs vinnutíma og fjarvinnu fyrir alla foreldra 12 ára og yngri barna en einnig fyrir þá sem þurfa að annast ættingja eða maka. Orðsending framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins felur í sér fleiri tillögur, til dæmis að tryggja að komið sé í veg fyrir mismunun gagnvart foreldrum og fólki sem þarf að annast ættingja, uppsagnir hvað varðar þungaðar konur og starfsfólk sem snýr aftur til vinnu eftir orlof. Einnig eru settar fram aðgerðir til að stuðla að jafnrétti kynjanna er kemur að töku foreldraorlofs og sveigjanlegum vinnutíma.

Hvar er málið stadd?

Drög að tilskipun um jafnvægi atvinnu- og fjölskyldulífs eru nú til umræðu hjá Evrópuþinginu og ráðinu. Til stendur að ganga frá málinu fyrir lok árs en það gæti reynst flókið því ríkin greinir á og Evrópuþingið hefur gert breytingatillögur sem leiða til enn ríkari réttar. Nauðsynlegt er að fylgjast náið með framvindu mála, meðal annars að ekki sé grafið undan réttindum sem nú þegar eru tryggð á Íslandi. EFTA-ríkin innan EES eru að undirbúa sameiginlegar athugasemdir til framkvæmdastjórnar vegna þessa máls.

Aðgerðir

EFTA-vinnuhópur um frjálsa för launafólks, EFTA-vinnuhópur um vinnurétt og vinnuvernd og EFTA-vinnuhópur um kynjajafnrétti munu fylgjast með framgangi málsins innan Evrópusambandsins. Einnig er mikilvægt að samtök aðila vinnumarkaðarins fylgist með framgangi málsins og beiti áhrifum sínum, bæði á vettvangi EFTA og með þátttöku í starfi samtaka í Evrópu sem þau eiga aðild að.

Íslensk stjórnvöld munu eiga samráð við samtök aðila vinnumarkaðarins eftir því sem málinu vindur fram innan sambandsins.

Almannatryggingar

Rökstuðningur

Í desember 2016 kynnti framkvæmdastjórn ESB tillögu að breytingu á reglugerðum (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa milli aðildarríkjanna og nr. 987/2009 um framkvæmd hennar. Ákvæði reglugerðanna eru gildandi milliríkjasamningur Íslands á sviði almannatrygginga við öll EES-ríkin og er þar kveðið á um mikilvæg réttindi þeirra sem fara á milli ríkjanna, þ.m.t. í atvinnuskyni, hvort heldur er tímabundið eða varanlega. Hér er m.a. um að ræða fólk á vinnumarkaði, lífeyrisþega, ferðamenn og námsmenn. Á grundvelli ákvæða reglugerðanna greiðist m.a. áunninn elli- og örorkulífeyrir úr einu landi til annars EES-lands sem og sjúkrakostnaður íslenskra ferðamanna og lífeyrisþega sem fellur til í öðru EES-ríki. Breytingartillagan snýr nú aðallega að ákvæðum reglugerðanna um atvinnuleysisbætur, bætur vegna langtímaumönnunar, almannatryggingar útsendra starfsmanna og aðgengi fólks, sem ekki er virkt á vinnumarkaði en fer á milli ríkjanna, að félagslegum bótum. Megintilgangur tillögunnar er að halda áfram að færa til nútímahorfs reglur ESB á þessu sviði, gera þær skýrari og sanngjarnari þannig að unnt sé að bæta framkvæmd þeirra og stuðla að frjálsri för fólks innan EES.

Hvar er málið statt?

Samningaviðræður um efni tillögunnar hófust í vinnuhópi ráðsins í ársbyrjun 2017. Skýrsla um framvindu og árangur þeirra viðræðna var kynnt ráðinu 15. júní s.á. Þar kemur fram að viðræðurnar hafi aðallega snúist um þá tillögu framkvæmdastjórnarinnar að gefa aðildarríkjum val um það hvort erlendir ríkisborgarar, sem eru staddir á þeirra yfirráðasvæði en eru ekki löglega búsettir þar og ekki þátttakendur á vinnumarkaði, þ.e. hvorki í vinnu né í virkri atvinnuleit (economically inactive mobile citizens), hafi rétt á tilteknum félagslegum greiðslum. Tillagan felur í sér að viðkomandi aðildarríki geti krafist þess að þessir aðilar hafi löglega búsetu í landinu í samræmi við ákvæði tilskipunar 2004/38 (búsetu-tilskipunin) til að geta fengið sérstakar félagslegar greiðslur sem ekki eru iðgjaldsskyldar (non-contributory cash benefits), sem einnig teljast vera félagsleg aðstoð í skilningi tilskipunar 2004/38. Byggist tillagan á niðurstöðum Evrópudómstólsins í fjórum dómsmálum. Með því að breyta ákvæðum reglugerðanna er talið að meginreglurnar verði skýrari og gagnsærri hvað þetta varðar. Samkvæmt framvinduskýrslunni virðist samstaða um að breyta þurfi reglugerðunum í þessa veru en vinnuhópurinn leggur þó til tiltekna breytingu á tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Umræðu í vinnuhópnum um niðurstöðu Evrópudómstólsins í fimmta málinu, og hvort hún eigi aðeins við um fjölskyldubætur eða allar félagslegar greiðslur sem eru iðgjaldsskyldar, er ekki lokið. Þá virðist breið samstaða hafa náðst um þann hluta tillögunnar er lýtur að ákvæðum um flugáhafnir og útsenda starfsmenn sem og nokkur önnur ákvæði. Evrópuþingið hefur enn ekki skilað álitni um tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Málið er vandmeðfarið og búist er við að lagasetningarferlið muni taka að minnsta kosti tvö til þrjú ár. Ráðið komst að pólitískri niðurstöðu 23. október sl. um þá kafla

í tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1) sem snúa að jöfnum rétti borgara innan ESB, sem eru utan vinnumarkaðar (economically non-active citizens), til félagslegrar aðstoðar (social assistance) við dvöl í öðru ESB-ríki og (2) reglur um almannatryggingar í tilviki útsendra starfsmanna. Búlgaría tók við málinu undir sinni formennsku 1. janúar 2018. Evrópuþingið er með tillöguna á sínu borði.

Aðgerðir

Reglugerðir sem breyta framangreindum reglugerðum eru felldar í heild sinni undir EES-samninginn en sérákvæði og bókanir ríkjanna eru í viðaukum við reglugerðirnar. Viðræður um aðra þætti tillögunnar en að framan greinir eru ekki hafnar, þ.m.t. um þá tillögu framkvæmdastjórnarinnar að framlengja greiðslutímabil atvinnuleysisbóta meðan á atvinnuleit í öðru aðildarríki stendur úr þremur í sex mánuði. Þá halda nokkur aðildarríki áfram að þrýsta á um að breytingar verði gerðar hvað varðar ákvæðin um fjölskyldubætur, þ.e. barnabætur, á þann veg að upphæð greiðslnanna verði löguð að framfærslukostnaði í því landi sem börnin eru búsett. Tillaga þess efnis var ítarlega rædd á undirbúningsstigi en ekki tekin með í endanlegri tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Mikilvægt er að fylgjast áfram vel með þróun málsins og þeim breytingum sem kunna að verða gerðar á tillögunni í ferlinu, enda eru reglugerðir á þessu sviði felldar undir EES-samninginn í heild sinni og hafa mikil áhrif á réttindi og skyldur borgaranna og íslenska stjórnarsýslu á þessu sviði auk þess sem breytingarnar kunna að leiða til þess að breyta þurfi íslenskum lögum. Einkum er fylgst með málinu í starfi framkvæmdaráðsins í tengslum við samræmingu almannatryggingakerfa sem starfar á grundvelli reglugerðanna, en Ísland hefur þar áheyrnaraðild og sækir fundi þess í Brussel, í EFTA-vinnuhópnum um almannatryggingar og svo í gegnum samvinnu við önnur Norðurlönd. Norðurlandasamstarf á þessu sviði er öflugt og mikilvægt fyrir Ísland. Er tillagan nú reglulega á dagskrá norræna almannatryggingahópsins. Verði almannatryggingareglugerðunum breytt til samræmis við fyrirliggjandi tillögu framkvæmdastjórnarinnar getur einnig komið til þess að taka þurfi upp Norðurlandasamninga á sviði almannatrygginga.

Jafnréttismál

- **Tillaga um aðgengi fatlaðra að þjónustu og vörum**

Rökstuðningur

Markmiðið með tillögu framkvæmdastjórnarinnar um aðgengi fatlaðra að þjónustu og vörum (European Accessibility Act) er að samræma lög og stjórnarsýslufyrirmæli aðildarríkjanna á þessu sviði og draga þar með úr hindrunum sem verða á vegi fatlaðs fólks.

Hvar er málið statt?

Nefnd um innri markaðinn og neytendamál (IMCO) leiðir málið í Evrópuþinginu og skilaði áliti í lok maí 2017. Aðildarríkin komust að sameiginlegri niðurstöðu um tillöguna í desember sl. og þríhliða viðræður milli framkvæmdastjórnarinnar, ráðsins og Evrópuþingsins hófust á þessu ári.

Aðgerðir

Þetta er umfangsmikið þverfaglegt verkefni sem mun krefjast samvinnu á milli margra ráðuneyta og víðtækra breytinga á lögum í aðildarríkjunum. Sameiginlegt álit EFTA-ríkjanna innan EES var sent til ESB í júlí 2017. Mikilvægt er að fylgjast með gangi mála og koma sjónarmiðum Íslands á framfæri.